

Waldorfskólinn Sólstafr

Reglur um skólasókn

Skólaárið er 180 dagar

Fjarvistardagar 0-9 dagar/fjarvistarstig 10: Mæting er innan marka.

Fjarvistardagar 10+ dagar/fjarvistarstig 20:

1. Umsjónarkennari hefur samband við foreldra/forráðamenn símleiðis eða á fundi og athugar hvort eðlilegar skýringar liggi að baki veikindanna eða leyfa.
2. Ef ekki eru uppi áhyggjur af náms- eða félagslegri stöðu barnsins innan skólans vegna fjarveru, er ekki þörf á frekara inngripi. Fjarvistir eru til skráðar hjá skóla og verða teknar til endurskoðunar ef nemandi eykur enn fjarvist.
3. Ef áhyggjur eru af náms- eða félagslegri stöðu barnsins metur bekkjarkennari, deildarstjóri sérkennslu og skólastjóri hvort hætta sé á skólaforðun.

Fjarvistardagar 15+ dagar/fjarvistarstig 30: Viðbragðsstig

1. Umsjónakennari boðar foreldra/forráðamenn og nemanda, (m. tilliti til aldurs) á fund ásamt deildarstjóra sérkennslu og skólastjórnanda. Vandi greindur og fundnar lausnir s.s. mætingasamningur gerður (fer eftir aldri).
Bekkjar/umsjónakennari er ábyrgðaraðili og fylgir málinu eftir á öllum stigum.
2. Eftir 18 fjarvistardaga: Umsjónarkennari útbýr í samstarfi við deildarstjóra sérkennslu, tilkynningu til nemendaverndarráðs og samþykkis aflað hjá foreldrum /forráðamönnum.

Fjarvistardagar: 20+ dagar/fjarvistarstig 40: Hættustig

1. Nemendaverndarráð fjallar um erindið og setur af stað aðgerðaáætlun.
2. Bekkjarkennari/umsjónarkennari boðar foreldra/forráðamenn og nemanda, (m. tilliti til aldurs) á fund ásamt skólastjórnanda, deildarstjóra sérkennslu og fulltrúa skólaþjónustu Norðurmiðstöðvar. Gerðar frekari greiningar og tillögur um frekari aðgerðir til að bæta skólasóknina.
3. Ef ekki eru áhyggjur af náms- eða félagslegri stöðu barnsins er það metið í samráði við nemendaverndarráð hvort tilkynna eigi málið sem barnaverndarmál.

Fjarvistardagar 30 dagar eða fleiri/60 fjarvistarstig: Barnaverndarstig

Tilkynning til barnaverndar gerð af skóla (skólastjóri) ef áhyggjur eru til staðar og foreldrum/forráðamönnum kynnt það (eftir 30 fjarvistardaga).

1. Haldið áfram með fyrri úrræði.
2. Tilkynningarfundur hjá barnavernd er innan 7 daga frá því að tilkynning berst sem tekur ákvörðun um könnun tilkynninga.
3. Ef mál er samþykkt í könnun þá er því úthlutað til barnaverndarstarfsmanns (eins fljótt og mögulegt er).
4. Viðtal við foreldra/forráðamenn, kallað eftir upplýsingum frá helstu stofnunum s.s. skólum og heilsugæslu. Mögulegt samstarf við skóla og málið sett í meðferðaráætlun/aðgerð í framhaldinu. Fundargerð unnin af barnaverndinni. Könnun máls í barnavernd getur tekið allt að 4 mánuði. Greinagerð um könnun, máli lokað eða gerð meðferðaráætlun.
5. Meðferðaráætlun gerð af barnaverndarstarfsmanni t.d. aðkoma meðferðaraðila/sálfræðings, fjölskylduráðgjöf, sjúkrakennsla, tilsjón, MST, fóstur o.fl. sett í gang í samvinnu foreldra/forráðamanna/skóla.
6. Eftirfylgnifundur/teymisfundur barnaverndar með foreldrum/forráðamönnum og skóla.
7. Markmiði náð, máli lokað.
8. Ef markmið nást ekki verða tilkynningar ítrekaðar á tveggja mánaða fresti ef skólasóknarvandi nemanda heldur áfram.

→ Barn getur dregist aftur úr námi þótt það missi aðeins úr 1-2 daga á nokkurra vikna fresti.

→ Ítrekaðar seinkomar í upphafi dags geta haft áhrif á nám, líðan og félagslega stöðu.

→ Mikil fjarvera getur haft áhrif á allan námshópinn ef kennari þarf að aðstoða einstaka nemendur við að vinna upp tapaðar skólastundir.

→ Góð skólasókn styður jákvæða sjálfsmynd nemanda í skólanum og getur verið einn af grundvallarþáttum vellíðunar barns í skóla.

→ Góð skólasókn getur stutt við farsæld nemenda í framtíðarnámi og -starfi.